

AUGÝSING

um nýtt fasteignamat.

1. gr.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 1. nóvember sl. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- a. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum, sbr. þó staflíði b, c, d og e hér á eftir, hækki um 4,5% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,045.
- b. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á eftirtöldum stöðum hækki um 9%: Akranesi, Hellissandi, Rifi, Ólafsvík, Grundarfirði, Sauðárkróki, Siglufirði, Húsavík, Þórshöfn, Fellabæ, Egilsstöðum, Neskaupstað, Hellu og Eyrarbakka og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,09.
- c. Matsverð íbúðarlóða og einbýlishúsa í Borgarnesi hækki um 9% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,09. Matsverð fjölbýlishúsa í Borgarnesi hækki um 12% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því 1,12.
- d. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á eftirtöldum stöðum hækki um 12%: Stykkishólmi, Hólmavík, Vopnafirði og Djúpavogi og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,12.
- e. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á Patreksfirði, Bíldudal, Bolungarvík og Seyðisfirði verði óbreytt og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,0.
- f. Matsverð atvinnuhúsa og atvinnulóða, sumarhúsa og sumarhúsalóða hækki um 9% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,09.
- g. Matsverð hlunninda verði óbreytt og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,0.

Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningum samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins um einstakar tegundir fasteigna.

Ofangreind breyting fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 1. desember 1996 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

2. gr.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærnum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

3. gr.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember nk. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

4. gr.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1997.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 606 21. nóvember 1996.

Fjármálaráðuneytinu, 20. nóvember 1997.

Friðrik Sophusson.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að vernda ósonlagið í heiðhvolfinu með því að tryggja örugga meðhöndlun efna sem rýra ósonlagið, draga úr notkun og minnka losun þeirra.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin gildir um klórflúorkolefni (CFC), halóna, koltetraklóríð, 1,1,1-tríklóretan, metýlbrómíð, vetnisklórflúorkolefni (HCFC) og vetnisbrómflúorkolefni (HBFC), sbr. I. viðauka. Reglugerðin gildir um hrein efni og efni í blöndu með öðrum efnum enda sé þyngdarhlutfall þeirra hærra en 1% í blöndu.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari merkir:

- *ósoneyðingarmáttur* (ODP, ozone depleting potential) hlutfallslega getu efnanna til að brjóta niður óson í heiðhvolfinu miðað við tríklórflúormetan (CFC-11).
- *ODP-tonn* magn í tonnum margfaldað með ósoneyðingarmætti.
- *innflytjandi* aðila sem flytur inn til landsins efni sem reglugerðin nær til, eða vöru sem inniheldur viðkomandi efni.
- *söluaðili* aðila sem selur í atvinnuskyni, með eða án tækniþjónustu, efni sem reglugerðin nær til eða vöru sem inniheldur viðkomandi efni.

4. gr.

Takmörkun á framleiðslu, innflutningi, sölu og notkun.

Framleiðsla, innflutningur og sala á efnum sem tilgreind eru í I. viðauka og vörum sem innihalda viðkomandi efni er bönnuð, sbr. þó ákvæði 6. og 11. gr.

Óheimilt er að setja upp ný kælikerfi og varmadælur sem nota vetnisklórflúorkolefni (HCFC).

Óheimilt er að flytja inn kælikerfi og varmadælur sem nota HCFC.

Við meiri háttar breytingar og viðgerðir á kælikerfum fyrir HCFC-22 skal skipta yfir í kælimiðil sem hefur engin eða minni ósoneyðandi áhrif, sbr. reglugerð nr. 533/1993, um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum, ásamt síðari breytingum.